

## Erindisbréf FUM - TN-KOJ - Tækninefnd um Kolefnisjöfnun

Stjórn Staðlaráðs Íslands staðfestir hér með stofnun Tækninefndar um Kolefnisjöfnun (TN-KOJ), sbr. erindi FUM til stjórnar Staðlaráðs. Nefndin var stofnuð að frumkvæði fagaðila í loftslagsmálum, kolefnismörkuðum og sjálfbærri landnýtingu.

### Tilgangur og hlutverk nefndarinnar

Tilgangur nefndarinnar er að skilgreina, þróa og setja fram tæknilega staðla og viðmið fyrir kolefnisjöfnun með áherslu á gagnsæi, varanleika og gæði. Meginverkefni nefndarinnar eru:

- Skilgreining á viðmiðum fyrir kolefnisjöfnun, þar á meðal fyrir kolefnisbindingu í náttúrulegum vistkerfum og tæknilausnum.
- Samþætting tæknilegra viðmiða við alþjóðlega staðla og reglur, m.a. IPCC leiðbeiningar, ISO-staðla og viðeigandi regluverk.
- Mótun leiðbeininga fyrir þróun og mat á kolefnisjöfnunarverkefnum, m.a. skráningu, sannprófun og rekjanleika kolefniseininga.
- Greining á áhættuþáttum tengdum kolefnisjöfnun, s.s. leka, varanleika og tvítalningu.
- Samþætting kolefnisjöfnunar við aðrar loftslagsaðgerðir, s.s. kolefnismarkaði, hringrásarhagkerfi og náttúruvernd.
- Aðkoma að innlendu og alþjóðlegu samstarfi á sviði staðlastarfs.

### Starfstími og fyrirkomulag vinnu

Starfstími nefndarinnar er ótímabundinn, en hún skal setja sér skýra starfsáætlun og markmið. Fundir nefndarinnar verða haldnir reglulega, og skjöl nefndarinnar skulu vera opin þeim aðilum sem taka þátt í starfinu.

### Skipan nefndarinnar

Formaður nefndarinnar er Guðmundur Sigbergsson, faglegur ritari er Guðný Nielsen og umsjónamaður að hálfu Staðlaráðs er Haukur Logi Jóhannsson

**Þátttakendur:** Meðlimir nefndarinnar við stofnun hennar eru eftirfarandi:

- Guðmundur Sigbergsson – International Carbon Registry
- Guðný Nielsen – SoGreen
- Íris Ólafsdóttir - Orb
- Ívar Kristinn Jasonarson - Landsvirkjun
- Gunnlaugur Guðjónsson – Land og skógur
- Rafn Helgason – Matvælaráðuneyti
- Birgitta Steingrímsdóttir – Umhverfis- og orkustofnun

- Berglind Ósk Alfreðsdóttir – Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins
- Ásdís Nína Magnúsdóttir – Carbfix
- Rannveig Anna Guicharnaud – International Carbon Registry
- Emma Soffía Elkjær Emilsdóttir - Orkuveitan

### **Umboð og starfsreglur**

Nefndin starfar í umboði Stjórnar Staðlaráðs Íslands og í samræmi við starfsreglur Staðlaráðs um tækninefndir.